



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

16. OKTÓBER 2025
ELDBORG HARPA

FRÖNSK VEISLA



VELKOMIN



VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT
Á FARSÍMUM Á MEÐAN
TÓNLEIKUM STENDUR

TÓNLEIKAGESTIR ERU BEÐNIR UM
AÐ KLAPPA AÐEINS Í LOK TÓNVERKS

TÍMALENGD VERKA:

FORLEIKUR 7'
SVÍTA ÚR PELLÉAS ET MÉLISANDE 17'
TZIGANE 10'
SVÍTA ÚR HYPOLITE ET ARICIE 16'
SINFÓNÍA 18'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

FRÖNSK VEISLA

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 16. OKTÓBER KL. 19:30

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

MALIN BROMAN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG EINLEIKARI

LOUISE FARRENC

Forleikur nr. 1 í e-moll op. 23 (1834)

GABRIEL FAURÉ

Pelléas et Mélisande – svíta, op. 80 (1898/1909)

Forleikur

Fileuse

Sicilienne

Dauði Mélisande

MAURICE RAVEL

Tzigane M. 76 (1924)

HLÉ

JEAN-PHILIPPE RAMEAU

Svíta úr Hippolyte et Aricie RCT 43 (1734)

(úts. Sylvie Bouissou)

Forleikur

Air et rondeau pour les amours (Gracieusement)

Marche

Marche (Gracieusement)

Première air des Furies (Gravement)

Première et deuxième air des Matelots

(Gravement - Pesamment - Vivement)

Premier rigaudon en tambourin (Trés vite)

Deuxième air des Chasseurs et des chasseresses
en rondeau

Première et deuxième gavottes (Vite)

WOLFGANG AMADEUS MOZART

Sinfónía nr. 31 í D-dúr, K 297/300a, Parísarsinfónían (1778)

Allegro assai

Andante

Allegro

MALIN BROMAN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG EINLEIKARI



Malin Broman er eftirsóttur stjórnandi og einleikari og einnig sem flytjandi kammertónlistar. Hún fæddist í Svíþjóð og stundaði nám í London hjá David Takeno. Hún er meðlimur nokkurra kammerhópa og hefur farið í tónleikaferðir og hljóðritað með Kungsbacka pianótríóinu, Stockholm Syndrome Ensemble og Nash Ensemble í London. Árið 2008 var Malin skipuð konsertmeistari Sænsku útvarpshljómsveitarinnar. Síðan þá hefur hún flutt tvöfalda konsertinn fyrir fiðlu og selló eftir Johannes Brahms ásamt Steven Isserlis undir stjórn Daniels Harding, fengið frábæra dóma fyrir upptöku sína á fiðlukonsert Carls Nielsen og frumflutt fiðlukonserta sem samdir hafa verið fyrir hana, eftir Helen Grime, Sally Beamish, Daniel Börtz, Brittu Byström, Andreu Tarrodi, Daniel Nelson og Jesper Nordin.

Auk þess að stjórna Sænsku útvarpshljómsveitinni reglulega hefur hún komið víða fram sem stjórnandi og einleikari, til dæmis með Tapiola Sinfonietta, Sinfóníuhljómsveitinni í Helsingjaborg, Norsku kammerhljómsveitinni, ACO Collective í Ástralíu, Skosku kammersveitinni og Sinfóníuhljómsveit Tampere og unnið með tónlistamönnum á borð við Pekka Kuusisto, Janine Jansen og Peter Mattei. Meðal væntanlegra verkefna eru tónleikar með Amsterdam Sinfonietta og Filharmóníuhljómsveitinni í Helsinki.

Árið 2019 hlaut Malin Sænsku konungsorðuna fyrir framlag sitt til tónlistar. Hún er nú listrænn stjórnandi Norrænu kammerhljómsveitarinnar og Kammersveitarinnar í Austurbotni í Finnlandi þar sem hún tók við af Sakari Oramo. Á meðan á útgöngubanni vegna Covid stóð fór YouTube myndband hennar af Strengjaoktett Mendelssohns, þar sem hún leikur allar raddirnar átta, eins og eldur í sinu um netið. Hún leikur á Stradivarius-fiðlu frá 1709 sem Järnåker-sjóðurinn hefur lánað henni, Candi-víölu og eftirgerð af Del Gesù Guarnerifiðlu eftir Stephan von Baehr.

LOUISE FARRENC

FORLEIKUR NR. 1 Í E-MOLL, OP. 23



TÓNLISTIN OG SÍ
Forleikur Louise Farrenc
hefur aldrei áður hljómað
á tónleikum hljómsveitarinnar.


Á síðustu árum hefur tónlist Louise Farrenc (1804–1875) aftur ratað í tónleikasali en á sinni tíð var hún þekkt tónskáld, afburða píanóleikari og prófessor í píanóleik. Í upphafi tónsmíðaferilsins samdi hún fyrst og fremst píanóverk en síðar bættust við þrjár sínfóniur, forleikir, kórverk og kammerverk fyrir ýmsa hljóðfærahópa.

Louise Farrenc (fædd Dumont) fæddist í París inn í fjölskyldu listamanna; bæði faðir hennar og systir voru myndhöggvarar en sjálf hóf hún nám í píanóleik kornung. Þegar í ljós kom að hún var einstaklega efnileg, var hún sett til náms hjá kennurum sem allir höfðu lært hjá dádum tónlistarmönnum. Þegar hún tók að sýna hæfileika til tónsmíða, tók við nám hjá kennurum sem störfuðu við Tónlistarháskóla Parísarborgar en hún fékk ekki inngöngu í sjálfan skólann vegna kyns síns. Sautján ára gömul giftist hún flautuleikara og gerði hlé á náminu en kom fram á tónleikum með honum víða um Frakkland. Hún sneri þó aftur til Parísar og varð þar þekkt sem píanóleikari sem leiddi til þess að árið 1842 var hún skipuð prófessor við Tónlistarháskólann í París og gegndi þeirri stöðu í 30 ár, ein kvenna alla 19. öldina. Eiginmaðurinn sneri sér aftur á móti að útgáfu tónverka og gaf út mörg verka hennar.

Forleikurinn sem við heyrum var frumfluttur árið 1834 og í honum má bæði greina háklassísk og rómantísk einkenni; upphafið er ábúðamikið og virðulegt þar sem ákafi og miklar styrkleikabreytingar minna helst á Beethoven. Eftir þessa áhrifamiklu byrjun breytir verkið um svip; stef sem einkennist af hlaupandi skölum í fiðlum og tréblásurum er kynnt, hljómsveitin heldur áfram létt og leikandi og sönötuforminu er fylgt af samviskusemi. Hér er mikið öryggi í úrvinnslu og framvindu. Þrátt fyrir rómantísk einkenni eru áhrifin fyrst og fremst sótt til Vínarklassíkúrnar. Ánægjulegt er að verk eftir Louise Farrenc skuli aftur fá að hljóma í tónleikasölum víða um heim.

GABRIEL FAURÉ

SVÍTA ÚR PELLÉAS ET MÉLISANDE OP. 80



TÓNLISTIN OG SÍ

Svítan hefur verið flutt þrisvar áður á tónleikum hljómsveitarinnar; fyrst árið 1984 undir stjórn Jean-Pierre Jacquillat, síðan á Listahátíð árið 1998 undir stjórn Yan Pascal Tortelier og loks árið 2006 þegar David Charles Abell hélt á tónsprotanum.


Gabriel Fauré (1845–1924) fæddist í Suður-Frakklandi og var ungur sendur til Parísar til náms í kirkjutónlist. Meðal kennara þar var Camille Saint-Saëns sem kynnti tónlist yngri tónskálda, eins og Schumanns, Liszts og Wagners fyrir nemendum og með þeim tveim tókst æfilöng vinátta. Eftir að námi lauk gegndi Fauré organistastöðu í ýmsum kirkjum borgarinnar en þegar hann var rúmlega fimmtugur fékk hann prófessorsstöðu við Tónlistarháskólann í París og var skömmu síðar skipaður skólastjóri stofnunarinnar. Þeirri stöðu gegndi hann til 75 ára aldurs. Eftir hann liggja um 200 tónsmíðar af ýmsu tagi og hann er talinn meðal helstu tónskálda Frakka á sinni tíð.

Árið 1898 var Fauré fenginn til að semja tónlist við leikritið *Pelléas et Mélisande* eftir belgíska leikskáldið Maurice Maeterlinck fyrir frumsýningu þess í Englandi það sama ár. Hann var fyrstur í röð margra tónskálda til að gera það, þar sem samnefnd ópera Debussy er líklega þekktust. Fauré setti síðar saman fjögurra þátta svítu sem var fyrst flutt árið 1905 en var gefin út nokkuð breytt árið 1909.

Í leikritinu segir frá hinni dauðadæmdu ást Pelléasar og Mélisande. Mélisande er gift Golaud, en verður ástfangin af bróður hans, Pélleas. Golaud fær son sinn Yniöld til að njósna um þau og hann staðfestir grun hans. Golaud drepur þá Pelléas og særir Mélisande. Hún fæðir eftir það stúlubarn og deyr í kjölfarið. Forleikurinn hefst á stefi sem er hófstíllt og innhverft en þó fullt ákefðar og ber sterk einkenni tónskáldsins. Fyrsti þátturinn, *La Fileuse* byggir að hluta á spunastefi og er tákn Mélisande. Því næst hljómar hin þekkt *Sicilienne*, sem flestir áheyrendur kannast við. Meginstefið er leikið á þverflautu og þátturinn endurspeglar hamingjustundir elskendanna. Síðasti þátturinn er svo harmljóð vegna dauða Mélisande.

MAURICE RAVEL

TZIGANE M 76



TÓNLISTIN OG SÍ

Tzigane hefur verið flutt átta sinnum á tónleikum hljómsveitarinnar. Fyrst 1967 undir stjórn Bogdan Wondiczko með Dénes Zsigmondy á fiðluna. Guðný Guðmundsdóttir fyrrverandi konsertmeistari hefur leikið verkið þrisvar með hljómsveitinni, árið 1986, 1996 og 2007. Verkið var síðast flutt á tónleikum með Ungum einleikurum árið 2024 þar sem Tómas Vigur Magnússon lék fiðlupartinn og Petri Sakari stjórnaði.

Maurice Ravel (1875–1937) var tónskáld, píanóleikari og hljómsveitarstjóri. Oft hefur tónlist hans verið talin impressíónísk þótt sjálfur hafi hann andmælt því rétt eins og Claude Debussy gerði einnig. Ravel stundaði nám í Tónlistarháskóla Parísarborgar þar sem hann mætti mótlæti enda skólinn orðinn mjög íhaldssamur á þeim tíma – sem breyttist reyndar þegar Fauré tók við skólastjórastöðunni. Ravel dró til sín áhrif úr ýmsum áttum og tók út þroska sem tónskáld á eigin forsendum frekar en að námið stýrði honum.


Ravel var þekktur fyrir að vinna hægt og eftir hann liggja því fremur fá verk. Hann samdi til dæmis hvorki sínfóniur né kirkjuleg verk en þó samdi hann nokkur hljómsveitarverk, eins og La valse, Bolero og Daphnis og Chloé.

Tzigane er rapsódía, fyrst samin fyrir fiðlu og píanó og frumflutt þannig í apríl árið 1924 en í október sama ár var það fyrst flutt í þeim búningi sem við heyrum hér. Verkið var samið fyrir vinkonu hans Heléne Jourdan-Morhange, undir áhrifum frá ungverska fiðluleikaranum d'Aranyi. Sjálfur sagði Ravel að verkið væri í anda ungverskrar rapsódíu þar sem sett væru fram stef og tilbrigði án þess að hefðbundin úrvinnsla færi fram. Í verkinu má heyra greinileg áhrif frá þjóðlagatónlist Mið-Evrópu og tónbil og snilldartaktar á fiðluna sem hér hljóma bera einnig með sér áhrif frá tónlist Rómafólks – enda vísar titillinn til þess – þótt engar þekktar laglínur úr tónlist þeirra séu í verkinu.

Verkið er í raun tvískipt; fyrri helmingur þess er eingöngu spilaður af fiðluleikaranum en um miðbik þess tekur hljómsveitin að læðast inn þar sem harpan ríður á vaðið. Fram að því er rytminn flæðandi og allt gengur út á að sýna færni fiðluleikarans. Eftir að hljómsveitin tínist inn breytir verkið um blæ þótt flugeldasýning fiðluleikarans haldi áfram en samtali milli hljómsveitar og fiðluleikarans tekur við og dansinn dunar.

JEAN-PHILIPPE RAMEAU

SVÍTA ÚR HIPPOLYTE ET ARICIE RCT 43



TÓNLISTIN OG SÍ
Svíta Rameau úr Hippolyte et Aricie
(úts. Sylvie Bouissou) er flutt hér í
fyrsta sinn af hljómsveitinni.

Hippolyte og Aricie var fyrsta ópera Jean-Philippe Rameau (1683–1764) og er jafnframt talin einkenna síðbarokkið í Frakklandi. Áður en hann tók að semja óperur var hann kunnur tónlistarfræðingur og hafði skrifaði þekkt rit, *Traité de l'harmonie* (Ritgerð um hljómfærði), grundvallarrit í tónlistarfræði og gefið út safn verka fyrir sembal auk þess sem hann starfaði sem organisti. Rameau var orðinn fimmtugur þegar óperan var frumsýnd árið 1733 en þrátt fyrir það varð hann eitt helsta óperutónskáld Frakka á 18. öld. Hann tók þar við af Lully og auðgaði formið með nýstárlegum hljómagangi sem hann byggði á fyrri rannsóknum sínum og hugmyndarikri notkun á hljóðfærunum. Óperan þótti jafnvel skritin og erfið og orðið barokk, sem haft var um gallaðar perlur, var notað í fyrsta skipti um tónlist í umfjöllun um hana – og það í neikvæðri merkingu.

Óperan er í fimm þáttum auk forleiks og söguþráðurinn er flókin. Hann er annars vegar sóttur í *Hippolytus* eftir Evripídes og hins vegar leikritið *Fedru* eftir Jean Racine en Rameau breytti endinum svo allt endar vel. Þrátt fyrir titilinn eru Þeseifur, konungur Aþenu og Fedra kona hans, dóttir sólgudsins Mílosar, í miðju frásagnarinnar. Í óperunni segir frá tvennum elskendum, Þeseifi og Fedru, og Hippolytusi syni Þeseifs og annarrar konu og Arísíu, hofgyðju í hofi Díönnu veiðigyðju. Hún er í þann veginn að strengja skírlífisheit og heita Díönnu tryggð. Auk þess gírnist Fedra Hippolytus á laun. Í fyrsta þætti heldur Þeseus til Heljar að freista þess að heimta vin sinn frá dauðum. Hann er talinn af og Fedra ákveður að festa sér Hippolytus. Af þessu hljótast ýmsar flækjur en þó fer allt vel að lokum, Þeseifur snýr aftur og Arísía þarf ekki að strengja skírlífisheit enda tilheyrir hjarta hennar Hippolytusi. Svíta samin upp úr óperunni var fyrst flutt árið 1734 en er hér flutt í útsetningu Sylvie Bouissou.

WOLFGANG AMADEUS MOZART

SINFÓNÍA NR. 31 Í D-DÚR, PARÍSARSINFÓNÍAN



TÓNLISTIN OG SÍ

Parísarsinfónían hefur verið flutt tvisvar áður af hljómsveitinni; árið 2013 undir stjórn Matthew Halls og árið 2017 undir stjórn Jonathan Cohen.

Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) dvaldi í París hluta ársins 1778 og samdi þar meðal annars sínfóníu nr. 31 sem kölluð hefur verið Parísarsinfónían. Hún var frumflutt á einkatónleikum 12. júní 1778 og síðan opinberlega 18. júní í Concert Spirituel-tónleikaröðinni í Royal-Palais. Hún var svo flutt í þriðja sinn skömmu síðar og þá með nýjum hægum kafla. Parísarsinfónían er að öllum líkindum fyrsta sínfónía Mozarts sem var prentuð og gefin út strax árið eftir.

Sínfónían er í þremur þáttum, hægt-hratt-hægt eins og tíðkaðist upphaflega. Hún er skrifuð fyrir óvenju stóra hljómsveit; við frumflutning hennar voru 22 fiðlur og tvö klarínnett í hljómsveitinni og þetta mun hafa verið í fyrsta skipti sem Mozart notaði klarínnett í sínfóníu. Þættirnir eru Allegro assai, Andante og lokapátturinn Allegro. Sínfónían hefst á ákveðnum D-dúr hljóm og við tekur hlaupandi skali upp áttund og létt og leikandi stef niður hann aftur. Þetta er svo endurtekið í gegnum þáttinn. Í honum eru þrjú meginstef, annað stefið er mun kyrrlátara og í því þriðja koma svo allir þræðir saman áður en úrvinnslan tekur við. Annar þáttur var upphaflega Andantino en franskir áheyrendur virðast ekki hafa verið sáttir við hann og því samdi Mozart nýjan þátt fyrir þriðja flutning sínfóníunnar. Nýi þátturinn er styttri, ljóðrænn og fagur, í honum má heyra virðuleg dansstef ættuð frá frönsku hirðinni og tréblásarar með þverflautu í fyrirrúmi spila aðalstefið. Lokapátturinn, Allegro finale, er fullur andstæðna: háværir sprettir og hljóðlátari og ljóðrænni kaflar skiptast á; hann er bæði háklassískur og með mörg frönsk einkenni, og hér má heyra fúgu ættaða úr barokkinu á móti mjög klassískum tóktum. Sínfónían hlaut góðar móttökur og jók hróður Mozarts verulega.

Ingibjörg Eypórsdóttir

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. FIÐLA

Malin Broman
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Joanna Bauer
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Geirprúður Ása
Guðjónsdóttir Skelton
Andrzej Kleina
Sigrún Harðardóttir
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir

2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir
Emma Garðarsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir
Kristján Matthíasson
Ingrid Karlsdóttir
Þórdís Stross
Hlín Erlendsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þóriris
Svava Bernharðsdóttir
Guðbjartur Hákonarson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Kathryn Harrison

SELLÓ

Steiney Sigurðardóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Guðný Jónasdóttir
Urh Mrak
Helga Björg Ágústsdóttir

BASSI

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Hávarður Tryggvason
Jacek Karwan

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Caterina Compagno

ÓBÓ

Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Grímur Helgason
Birkir Örn Hafsteinsson

FAGOTT

Clara Manaud
Brjánn Ingason

HORN

Justin Mange
Emil Friðfinnsson
Yi-Ling Shih
Jason Friedman

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

BASSABÁSÚNA

David Bobroff

HARPA

Katie Buckley
Elisabet Waage

PÍANÓ OG SEMBALL

Liam Kaplan

PÁKUR

Frank Aarnink

SLAGVERK

Marco Santos

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI

Eva Ollikainen

FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrágerðar

Margrét Ragnarsdóttir

markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri
Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Althea Wetter
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs-
og tæknimála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðsmaður

STJÓRN SÍ

Sigurður Hannesson
formaður stjórnar
Jóhanna Yr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

Á DÖFINNI

NINA STEMME & STUART SKELTON

FIMMTUDAGUR 23. OKTÓBER KL. 19:30

Sópransöngkonan Nina Stemme og tenórinn Stuart Skelton teljast til þekktustu túlkenda á óperum Richard Wagners. Þau, ásamt Hönnu Dóru Sturludóttur, syngja tónlist úr óperu Wagners um Tristan og Ísold, en á tónleikunum hljómar einnig forleikur hans að Meistarsöngvurunum í Nürnberg og Sinfónía í þremur þáttum eftir Ígor Stravinskíj. Eva Ollikainen stjórnar.



MOZART & BRUCKNER

FIMMTUDAGUR 30. OKTÓBER KL. 19:30

Noah Bendix-Balgley, konsertmeistari Filharmóníusveitar Berlínar, leikur einleik í 5. fiðlukonsert W. A. Mozarts. Konsertinn er viðamestur allra fiðlukonserta Mozarts, leiftrandi af hugmyndaauðgi og leikgleði. Á síðari hluta tónleikanna heyrum við 7. sínfóníu austurríska tónskáldsins Antons Bruckners, en hún er talin einn af hornsteinum rómantískra hljómsveitarbókmennta. Stjórnandi tónleikanna er Eva Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.



SHOSTAKOVITSJ & PROKOFIEV

FIMMTUDAGUR 13. NÓVEMBER KL. 19:30

Heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Osmo Vänskä, ásamt hollenska fiðluleikaranum Lizu Ferschtman flytja okkur tvö stórvirki rússneskra tónbókmennta 20. aldar: Fyrsta fiðlukonsert Shostakovitsj, sem saminn var í skugga ofsókna stjórnvalda á hendur honum og 6. sínfóníu Prokofíevs sem samin var til minningar um fórnarlömb síðari heimstyrjaldarinnar. Á tónleikunum verður einnig Íslandsfrumflutningur á tónverkinu Elysium eftir tónskáldið Samy Moussa.



AÐVENTUTÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR



4. DESEMBER KL.19:30
ELDBORG HARPA

FABIO BIONDI
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

JULIA HANTSCH
EINLEIKARI

Sinfóníuhljómsveit Íslands slær hátíðlegan takt í upphafi aðventu með komu ítalska hljómsveitarstjórans og fiðluleikarans Fabio Biondi. Hann er einn þekktasti stjórnandi samtímans á sviði tónlistar frá barokk- og klassíska tímanum og leiðir hér Sinfóníuna í efnisskrá sem inniheldur margar þekktar perlur úr tónbókmenntum fyrri tíma.